

Lögð er fram svohljóðandi tillaga formanns heilbrigðisnefndar Reykjavíkur:

Lagt er til að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur samþykki að fela mannauðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að leggja niður starf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá og með 1. janúar 2027.

Greinargerð

Alþingi samþykkti á vordögum lög sem fólu í sér að verkefni heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga flytjast að stærstum hluta frá sveitarfélögum til ríkisins um næstu áramót. Þar sem fyrir liggur að verkefnin færast frá sveitarfélaginu þarf að leggja niður starf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. janúar 2027. Dagsetning tilkynningar um niðurlagningu og uppsögn skal því miðast við 1. október 2026. Samkvæmt samþykkt Reykjavíkurborgar fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ræður heilbrigðisnefndin framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að fenginni tillögu frá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Það kemur því einnig í hlut heilbrigðisnefndarinnar að taka ákvörðun um niðurlagningu starfsins og veita mannauðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs skýrt umboð til að ganga frá niðurlagningunni gagnvart framkvæmdastjóranum tímanlega, í samræmi við fyrirkomulag heilbrigðiseftirlitsins hjá umhverfis- og skipulagssviði.